

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 380/2021

frá 10. desember 2021

**um breytingu á V. viðauka (Frjáls för launþega) og VIII. viðauka
(Staðfesturéttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1894 frá 28. október 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Armeníu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1895 frá 28. október 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins ⁽²⁾.
- 3) V. og VIII. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMBÝKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 10n (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1482) í V. viðauka við EES-samninginn:

„10o. **32021 D 1894:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1894 frá 28. október 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Armeníu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 384, 29.10.2021, bls. 109).

10p. **32021 D 1895:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1895 frá 28. október 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 384, 29.10.2021, bls. 109.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 384, 29.10.2021, bls. 112.

vottorða sem gefin eru út í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 384, 29.10.2021, bls. 112).“

2. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 11n (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1482) í VIII. viðauka við EES-samninginn:

„11o. **32021 D 1894:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1894 frá 28. október 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Armeníu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 384, 29.10.2021, bls. 109).

11p. **32021 D 1895:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1895 frá 28. október 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 384, 29.10.2021, bls. 112).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðana (ESB) 2021/1894 og (ESB) 2021/1895, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

ÓOPINBER ÞÝÐING